

Rekstur málsins í hjeraði og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Undirrjettardómurinn á að vera óraskaður. Hinn kærði, Sigmundur Guðmundsson, greiði allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málfutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Jóhannesar Ólafssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 45/1883

Hallbera Jónsdóttir
gegn
Benedikt Sveinssyni.

Dómur:

Með dómi, gengnum í aukarjetti Gullbringu- og Kjósarsýslu 20. júlímán. f. á., var Hallbera Jónsdóttir á Lækjarbotnum dæmd til að greiða Benedikt sýslumanni Sveinssyni eptirgjald eptir býlið Lækjarbotna fyrir 13 fardagaár, sem sje árin 18⁷⁰/₇₁ til 18⁸²/₈₃, með þeirri upphæð, sem óvilhallir og kunnugir dómkvaddir menn mettu; svo skyldi hún og greiða málskostnað með 18 krónum.

Þessum dómi hefur Hallbera Jónsdóttir skotið til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 29. nóvbr. f. á., og hefur hún fengið gjafsókn og leyfisbrjef til að mega leggja ný skjöl fram í yfirdóminum. Hefur

hún fyrir yfirdóminum krafizt : 1., að nýbyggjarabrjef það, er Þorsteinn Þorsteinsson hefur selt Benedikt sýslumanni Sveinssyni fyrir Lækjarbotnum, verði algjörlega úr gildi numið, eður dæmt ómerkt fyrir hann ; 2., að dómur undirrjettarins annaðhvort af þessari ástæðu eða af öðrum ástæðum, sem hún hafi tekið fram, verði dæmdur ómerkur, og að hún verði dæmd sýkn fyrir öllum kröfum Benedikts Sveinssonar eða umboðsmanns hans, að því er eptirgjald eptir býlið Lækjarbotna snertir fyrir árin 1870—1883, og 3., að, ef yfirdómurinn getur ekki fallizt á þessa kröfu, þá að hún verði ekki dæmd til að greiða eptirgjald nema frá 3. júní 1882, og það að eins eptir hálfu býlið, og 4., ef þessi krafa heldur ekki verður tekin til greina, að hún að eins verði dæmd til að greiða Benedikt Sveinssyni eptirgjald eptir hálfu býlið fyrir árin 1870—1883. Svo hefur hún loks krafizt, að sýslumaður Benedikt Sveinsson verði dæmdur til að greiða málskostnað með 200 kr. eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins.

Af hendi hins stefnda mætti cand. júsris Skúli Thoroddsen, en lagði ekki fram neitt umboð af hendi Benedikts sýslumanns Sveinssonar. Að visu lagði hann fram skjal eitt með nafni Benedikts Sveinssonar undir ; en það ber sjálft með sjer, að ekki hann sjálfur, heldur sonur hans hefur ritað nafnið, en með því ekki er fram komin nein sönnun fyrir, að honum hafi borið heimild til þessa, þá verður svo á að líta, sem hinn stefndi hafi alls ekki látið mæta, og ber því að dæma málið eptir skjölum þeim og skilríkjum, sem áfrýjandinn hefur lagt fram í yfirdóminum.

Málavextir eru þannig, að Þorsteinn nokkur Þorsteinsson fjekk með útvisunargjörð 22. júlí 1865, og hjeraðsrjettarúrskurði Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 4. desbr. 1866 samkvæmt tilskipun 15. apríl 1776 land til yrkingar með ummerkjum, er nefndist Lækjarbotnar, og fjekk hann 11. febr. 1868 nýbýlisrjett fyrir hjá hlutaðeigandi amtmanni. En 4. okt. 1866 voru gjörð skipti milli nefnds Þorsteins og áfrýjanda, sem einnig átti heima á Lækjarbotnum, og skyldi Hallbera samkvæmt þeim skiptagjörningi halda hálfu kotinu að húsum og öðru. — Undir þennan skiptagjörning hefur Þorsteinn skrifað nafn sitt. En með afsalsbrjefi 5. ágústmán. 1868 seldi hann hinum stefnda Lækjarbotna alla, og í krapti þessa afsalsbrjefs byggði hinn stefndi Hallberu út af kotinu 21. desbr. 1869. En hún hefur þrátt fyrir það setið þar síðan, og ekki goldið eptir.

Aðalspurningin í þessu máli er það, hvort Þorsteinn hafi fengið nokkurn rjett til nýbýlisstofnunar þegar með útvisunargjörðinni, eða ekki fyr en amtið 11. febr. 1868 heimilaði honum landið með nýbýlisrjetti samkvæmt útvisunargjörðinni og hjeraðsrjettarúrskurðinum, því undir úrlausn þessarar spurningar er það komið, hvort framangreindur skiptagjörningur getur haft nokkurt gildi.

Yfirdómurinn verður nú að lita svo á, að hið fyrsta skref til að öðlast nýbýlisrjett sje gjört jafnskjótt og útvisunargjörðin er um garð gengin, og að sá rjettur, sem hefur stofnast við útvisunargjörðina, verði fullkominn eignarrjettur, ef að eins hjeraðsrjettarúrskurðurinn og nýbýlisbrjef amtsins síðar fæst, og af þessu er það aptur eðlileg afleiðing, að Þor-

steinn Þorsteinsson gat, svo gildi hefði, ráðstafað þessum rjetti sínum. Virðist því skiptagjörningurinn milli hans og Hallberu að vera í öllu tilliti gildur, og Hallbera því með honum hafa öðlast heimild til háflendnu Lækjarbotna, því hann verður ekki skoðaður öðruvísi en sem afsalsbrjef fyrir þeim rjetti að hálfu, sem Þorsteinn öðlaðist með útvisunargjörðinni, er staðfest var með greindum hjeradsrjettarúrskurði og nýbýlingsbrjefi amtsins. Að vísu hefur Þorsteinn seinna selt hinum stefnda allt landið, en það afsal getur samkvæmt áður sögðu ekki gilt nema fyrir hálfu landið.

Með því nú hinn stefndi hefur (5. ág. 1868) fengið eignarrjett að hálfum Lækjarbotnum, þá virðist Hallberu skylt að greiða hæfilegt eptirgjald eptir háflendnu þessa frá fardögum 1870 til fardaga 1883, og skal upphæð þessi vera komin undir mati tveggja kunnugra, óvilhallra, dómkvaddra manna; þó má hún ekki meiri vera en 15 al. á landsvísu árlega.

Málskostnaður fyrir báðum rjettum virðist eptir atvikum eiga að falla niður, og málsfærslulann hins skipaða talsmanns áfrýjandans fyrir yfirdómi, sem ákveðast 25. kr., að greiðast úr opinberum sjóði.

Að því leyti málið hefur verið sótt með gjafsókn fyrir yfirdómi vottast, að rekstur þess hefur verið lögmatúr. —

Þ v í d æ m i s t r j e t t a ð v e r a :

Áfrýjandi þessa máls, Hallbera Jónsdóttir, á að greiða hinum stefnda, Benedikt sýslumanni Sveinssyni, eptirgjald eptir $\frac{1}{2}$ býlið Lækjarbotna

fyrir fardagaárin 18⁷⁰/₇₁—18⁸²/₈₃ incl. með þeirri upphæð fyrir hvert ár, er óvilhallir og kunnugir dómkvaddir menn meta; þó má hún ekki meiri vera en 15 al. á landsvísu árlega.

Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður. Hinum skipaða talsmanni áfrýjandans fyrir yfirdóminum, málaflutningsmanni Jóhannesi Ólafssyni greiðist 25 kr. í málflytningu laun úr opinberum sjóði.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 9/1884

Ritstjóri og alþingismaður

Jón Ólafsson

gegn

yfirdómara L. E. Sveinbjörnsson.

Dómur:

Með stefnu, dagsettri 20. febr. þ. á., hefur ritstjóri og alþingismaður Jón Ólafsson áfrýjað til yfirdómsins dómi, kveðnum upp í bæjarþingsrjetti Reykjavíkur 22. nóvbr. 1883, en með þessum dómi er hann dæmdur í 100 kr. sekt til landssjóðs, eða í 30 daga einfalt fangelsi fyrir meiðandi ummæli um yfirdómara Lárus E. Sveinbjörnsson í blaðinu Þjóðólfi, 35. árg. nr. 27, 30 og 31, sem og til að greiða málskostnað, og voru hin átöldu orð dæmd dauð og ómerk.

Hin átöldu meiðyrði voru einkum þessi:

Í Þjóðólfi, 35. árg. nr. 27 bls. 80 „að ef til var óhæfilegur maður til þessa starfa, þá var það assessorinn“; í sama blaði 35. árg. nr. 30 bls. 92: “Lárus